

**Borgarstjórn**  
**20. desember 2016**

**Tillaga borgarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um opnun suðvesturbrautar Reykjavíkurflugvallar fyrir sjúkraflug**

Borgarstjórn samþykkir að borgarstjóri ræði við innanríkisráðherra og veiti ríkinu heimild Reykjavíkurborgar til þess að hafa NA-SV flugbrautina á Reykjavíkurflugvelli opna fyrir sjúkraflug fram á vor.

Greinargerð:

Undanfarna daga hafa ýmsir sérfræðingar lýst yfir áhyggjum sínum af lokun NA-SV flugbrautar á Reykjavíkurflugvelli í kjölfar sjúkraflugs frá Hornafirði 28. desember sl. Þar sem ekki var hægt að lenda í Reykjavík og flogið var með sjúkling til Akureyrar og krafist þess að brautin verði opnuð að nýju. Má þar m.a. nefna stjórn Flugmálafélags Íslands, bæjarstjórn Hornafjarðar og bæjarráð Akureyrar. Framsókn og flugvallarvinir telja því nauðsynlegt, meðan fullnægjandi lausn hefur ekki fundist og í ljósi þeirra áhyggja og krafna sem fram hafa komið frá fagaðilum og sveitarstjórnunum, að brautin verði höfð opin fram á vor í neyðartilfellum þegar ekki er hægt að lenda á hinum tveimur flugbrautum á Reykjavíkurflugvelli. Því verði borgarstjóra falið að ræða við innanríkisráðherra og veita ríkinu heimild Reykjavíkurborgar að hafa brautina opna fram á vor óski innanríkisráðherra þess.